

Mánudaginn hinn 17. júnímánaðar.

Nr. 14/1907:

Réttvísing

gegn

Hannes Einarssyni.

D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Dalasýslu, gengnum 5. jan. þ. á., var hinn ákærði Hannes Einarsson dæmdur fyrir þjófnað, framinn í 2. sinn, til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5×5 daga; svo skyldi hann og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað og 19 kr. iðgjald til Samsonar Samssonssonar á Ásgarðsnesi við Þingeyri. Þessum dómi er af hálfu hins opinbera áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er sannað með eigin játningu ákærða Hannesar Einarssonar, sem styðst við aðrar skýrslur, sem fengnar eru í málinu, að hann haustið 1903 tók í heimildarleysi úr opnum stokk, sem stóð undir kómmóðu í opinni dagstofu Samsonar Samssonssonar í Ásgarðsnesi 100 kr. seðil og hafði á burt með sér. Seðillinn var eign Samsonar. Af því að Samson hafði ákærða, sem þá gekk sem heimamaður um hús hans, grunaðan, gjörði hann hlutaðeigandi hreppstjóra viðvart, og fann hann seðilinn í fórum ákærða, við leit, sem gjörð var með samþykki ákærða og eftir tilvísun hans; seðlinum var skilað eiganda hans. Hreppstjóri fór þess á leit við Samson, að hann fyrirgæfi ákærða verknaðinn; Samson gekk að því og því var sýslumanni ekki þá skýrt frá verknaði ákærða. En með því að Samsoni seinna meir þótti líklegt, að ákærði hefði stolið meiri peningum frá

honum, var farið að hreyfa málinu og var kært fyrir sýslumanni 18. ágúst f. á. Nú var farið að prófa málið og var ákærði settur í varðhald 1. sept. 1906. Játáði hann þá enn upp á sig, að áður en hann tók 100 króna seðilinn, hafi hann frá Samsoni tekið í eitt skifti 10 kr. seðil, í annað skifti 5 kr. seðil, og oftast smápeninga, sem hann þó telur að hafi ekki farið fram úr 4—5 kr. samtals. Ákærði er fæddur 7. febrúar 1878 og hefir áður, 18. júlí 1898, verið dæmdur af landsyfirrætti fyrir stuld á lambi 1897 í 8 mánaða betrunarhússvinnu.

Framangreind afbrot ákærða ber að heimfæra undir 232. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og virðist hegning sú, sem hann hefir til unnið samkvæmt nefndri grein, sbr. við 59. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð; en hann hefir verið hafður í varðhaldi frá 1. sept. þangað til síðast í nóvbr., án þess hegðun hans í málinu virðist hafa gefið nokkurt tilefni til þess og, að því virðist, að þarflitlu. Svo ber ákærða og að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin sóknar- og varnarlaun fyrir yfirdómi, til málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra, og iðgjöld til Samsonar Samsonssonar 19 kr.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Hannes Fínnarsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga og greiða allan sakar-

kostnað í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sóknara og svaramanns þar, málflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra. Svo greiði ákærði Samsoni Samsonssyni í iðgjöld 19 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa, og ber honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. júnímán.

Nr. 19/1907:

Réttvísinn

gegn

Jónasi Jóhannssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Akureyrarkaupstaðar, gengnum 6. febr. þ. á., var hinn ákærði húismaður á Akureyri Jónas Jóhannsson dæmdur fyrir brot gegn 99. sbr. 101. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 daga og til að greiða allan kostnað málsins gegn honum, þar með talin málsvarnarlaun, 6 kr., til svaramanns síns í héraði cand. Valdemars Thorarensen.

En dómi þessum hefir eftir ósk ákærða verið áfrýjað til yfirdómsins.